

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 84 – 20.04.2007

Föstudaginn 20. apríl, árið 2007, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 13.00 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Páll Dagbjartsson og Pétur Valdimarsson, Páll Pálsson veitustjóri, Árni Egilsson ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Bleikjueldi í Skagafirði.
2. Vinnuútböð v/ hitaveitu í Hofsósi.
3. Bréf frá Brunavörnum Skagafjarðar.
4. Bréf frá Sveini Guðmundssyni
5. Önnur mál.
 - a. Fundur á Hofsósi
 - b. Bæklingur
6. Vettvangsskoðun stjórnarmanna um veitusvæðið.

AFGREIÐSLUR:

Einar Gíslason setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Rædd tilaga stjórnar Skagafjarðarveitna ehf. frá 14. febrúar sl. um víðtækt bleikjueldi í Skagafirði, Skúli Skúlason rektor Háskólans á Hólum í Hjaltadal og Jón Friðriksson framkvæmdarstjóri Fisk-Seefood komu á fundinn. Ákveðið að Skagafjarðarveitur ehf, Háskólinn á Hólum og Fisk-Seefood myndi þriggja manna verkefnisstjórn. Samþykkt að fulltrúi Skagafjarðarveitna ehf í stjórninni verði Einar Gíslason.
2. Bragi Þór Haraldsson hjá Verkfræðistofunni Stoð ehf á Sauðárkróki kom á fundinn fór yfir og kynnti tilboð i vekið "Hofsós Hitaveita – Vinnuútböð 2007" sem opnað var á þriðjudaginn 17. apríl sl.

Eftirfarandi tilboð bárust :

Nöfn bjóðenda		Tilboðsupphæð (kr. m/vsk)	
Vinnuvélar Símonar Skarphéðinssonar ehf.	Hluti 1	57.668.750	93,9%
Dalatúni 8	Hluti 2	59.105.400	93,8%
550 Sauðárkróki	Hluti 3	31.980.400	80,3%
	Samtals	148.754.550	90,6%

Fundurskv070420

Benedikt Hjaltason	Hluti 1	53.888.250	87,8%
Hrafnagili	Hluti 2	60.896.370	96,6%
601 Eyjafjarðarsveit	Hluti 3	44.819.100	112,5%
	Samtals	159.603.720	97,2%
Steypustöð Skagafjarðar ehf.	Hluti 1	65.493.419	106,6%
Skarðseyri 2	Hluti 2	86.857.305	137,8%
550 Sauðárkróki	Hluti 3	43.369.369	108,9%
	Samtals	195.720.093	119,1%

Benedikt Hjaltason	Hluti 1		
Hrafnagili	Hluti 2		
601 Eyjafjarðarsveit	Hluti 3		
Frávikstilboð	Samtals	149.603.720	91,1%

Kostnaðaráætlun	Hluti 1	61.411.000	100%
Stoð ehf. verkfræðistofa	Hluti 2	63.043.000	100%
	Hluti 3	39.824.000	100%
	Samtals	164.278.000	100%

Athugasemdir

Varðandi frávikstilboð Benedikts Hjaltasonar:

Allir liðir í aðaltilboði haldast óbreyttir, nema aðstöðuliðir, sem lækka um 10.000.000 kr. Sjá skýringar með tilboði að öðru leyti.

Símon Skarphéðinsson óskar eftir því að bókað sé að frávikstilboð hafi ekki verið leyfð skv. útboðsgögnum.

Aðrar athugasemdir eru ekki gerðar.

Stjórn Skagafjarðarveitna ehf samþykkir að taka tilboði Vinnuvéla Símonar Skarphéðinssonar í alla hlutina þrjá að heildarupphæð 148.754.550.-. Inn í heildarupphæðinni er einnig vinna við endurnýjun kaldavatns heimtauga og lagningar ljósleiðararöra. Heildarkostnaður við verkið eftir að tilboð eru komin fram er áætlaður um 250 milljónir með tengingu upp í Unadal.

- Lagt fram bréf dags. 17. apríl 2007 frá Almannavörnum Skagafjarðar, þar sem óskað er eftir því að Skagafjarðarveitur ehf taki á móti gestum

Fundurskv070420

28. apríl nk. Tekið jákvætt í erindið, Páli Pálssyni falið að ganga frá málinu.

4. Lagt fram bréf dags. 17. apríl 2007 frá Sveini Guðmundssyni fh. áhugamanna sem ætla að koma upp verkinu "Ferjumaðurinn" við Vesturós Héraðsvatna, þar sem óskað eftir styrk til verksins. Samþykkt að veita 200.000.- styrk til verksins.
5. Önnur mál.
 - a. Rætt um fyrirkomulag kynningarfundar sem Skagafjarðarveitur halda út á Hofsósi nk. miðvikudag kl. 20.30.
 - b. Lagt fram uppkast að bæklingi um þróun og stefnu í veitumálum í Skagafirði.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.55
Árni Egilsson ritari (sign)

Einar Gíslason (sign)
Páll Dagbjartsson(sign)
Pétur Valdimarson (sign)
Páll Pálsson (sign)

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.